

Samhentir Kassagerð hf.
Suðurhrauni 4a
210 Garðabæ

Akureyri, 15. júní 2022
UST202205-192/H.Ö.J.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits – Plöntuverndarvörur á markaði 2022 - Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar til Samhentra Kassagerðar hf., dagsett þann 20.5.2022 þar sem tilkynnt var um eftirlit með plöntuverndarvörum, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram 23.5.2022 og var einnig kynnt í tölvupósti til fyrirtækisins þann 12.5.2022.

Umhverfisstofnun vinnur nú að eftirliti með plöntuverndarvörum á markaði, sbr. hlutverk stofnunarinnar samkvæmt efnalögum, reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur og reglugerð nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna. Markmið eftirlitsins er að kanna hvort plöntuverndarvörur sem eftirlitsþegi setur á markað hafi markaðsleyfi og hvort merkingar á þeim séu í samræmi við gildandi reglur um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir Samhentum Kassagerð hf. frest til 30.6.2022 til að senda stofnuninni:

- **Afrit af merkimiða fyrir vöruna Challenge sem er uppfærður skv. reglugerð nr. 677/2021 um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna, í samræmi við skilyrði 8. gr. reglugerðar nr. 1002/2014 um gagnkvæma viðurkenningu á tilteknum markaðsleyfum fyrir plöntuverndarvörur.**
- **Staðfestingu (t.d. mynd) á að uppfærðum merkimiða fyrir Neem-Azal T/S, sem er tiltækur hjá fyrirtækinu, hafi verið komið fyrir á umbúðum vörunnar.**
- **Staðfestingu (t.d. mynd) á að uppfærðum merkimiða fyrir Maxim 100 FS, sem er tiltækur hjá fyrirtækinu, hafi verið komið fyrir á umbúðum vörunnar.**
- **Staðfestingu (t.d. mynd) á að uppfærðum merkimiða fyrir Meltatox, sem er tiltækur hjá fyrirtækinu, hafi verið komið fyrir á umbúðum vörunnar.**
- **Staðfestingu (t.d. mynd) á að uppfærðum merkimiða fyrir Pirimor, sem er tiltækur hjá fyrirtækinu, hafi verið komið fyrir á umbúðum vörunnar.**

Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málnúmerinu UST202205-192.

Umhverfisstofnun veitir Samhentum Kassagerð hf. hér með frest til 30.6.2022 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 23.6.2022. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 23.6.2022.

Umhverfisstofnun veur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beiingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Helgu Aspar Jónsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið helga.jonsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst,

Helga Ösp Jónsdóttir,
sérfræðingur

Ísak Sigurjón Bragason,
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>